

Fundargerð 14. fundar ferðamálaráðs

11. desember 2007 - kl. 12-13:50 á Hótel Borg

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir (SK), formaður, Einar Karl Haraldsson (EKH), varaformaður, Dóra Magnúsdóttir (DM), Gunnar Sigurðsson (GS), Jón Ásbergsson (JÁ), Pétur Rafnsson (PR), Sævar Skaptason (SS). Einnig áheyrnarfulltrúarnir Magnús Oddsson (MO) og Helga Haraldsdóttir (HH) sem ritaði fundargerðina.

Dagur B. Eggertsson, Gunnar Már Sigurfinnsson og Lára Pétursdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð 13. fundar
2. Bréf ferðamálaráðs til samgönguráðherra og iðnaðarráðherra.
3. Kynning á niðurstöðum prófunar á líkani Norðmanna varðandi fjármögnun almannagæða
4. Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar á vettvangi ferðaþjónustu
5. Önnur mál

Gögn lögð fram á fundinum:

Fundargerð 13. fundar ferðamálaráðs
Bréf ferðamálaráðs til samgöngu- og iðnaðarráðherra

Fundargerð 13. fundar ferðamálaráðs.

Samþykkt án athugasemda.

2. Bréf ferðamálaráðs til samgönguráðherra og iðnaðarráðherra.

Formaður (SK) og varaformaður (EKH) fóru yfir málið. Ekki útlit fyrir að aukið fé fái á þessu ári til markaðssóknar. Varaformaður telur nauðsynlegt að mótuð verði stefna þegar á næsta ári um breytingar á markaðsmálum sem leiða muni til aukins skilnings ríkisstjórnarinnar á þýðingu þeirra.

3. Kynning á niðurstöðum prófunar á líkani Norðmanna varðandi fjármögnun almannagæða.

Ferðamálastjóri (MO) upplýsti að ekki hefðu fengist fullnægjandi talnagögn frá þeim aðilum sem leitað var til vegna þessarar prófunar. Áfram verði því unnið að málinu af hálfu Ferðamálastofu.

4. Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar á vettvangi ferðaþjónustu.

Varaformaður (EKH) upplýsti að iðnaðarráðuneytið myndi auglýsa styrki vegna mótvægisáðgerða á vettvangi ferðaþjónustunnar í ársbyrjun 2008.

5. Önnur mál.

Samráðsfundur utanríkisráðherra um skipulag ímyndarmála Íslands.

Fulltrúi Útflutningsráðs (JÁ) gerði það að tillögu sinni að því yrði beint til utanríkisráðuneytis að ferðamálaráði yrði boðið að sitja samráðsfund utanríkisráðherra um skipulag ímyndarmála Íslands mánudaginn 17. des. 2007.

Álit allsherjarnefndar vegna flutnings ferðamála til iðnaðarráðuneytis.

Fulltrúi FSÍ (PR) áréttaði að þar sem talað væri um ferðamálaráð og SAF í álitinu ætti að standa „formaður ferðamálaráðs og formaður SAF“.

PR færði rök fyrir andstöðu Ferðamálasamtaka Íslands við flutninginn. Formaður (SK) sagðist ekki fyrr hafa verið gerðar athugasemdir við flutninginn á vettvangi ferðamálaráðs, sem sannarlega væri eðlilegur vettvangur fyrir slíka umræðu enda hlutverk ráðsins að vera ráðherra til ráðuneytis um hvaðeina sem snertir ferðamál. Því hefði komið nokkuð á óvart formaður Ferðamálasamtaka Íslands hefði ekki óskað eftir að fjallað yrði um málið í ráðinu.

Þjálfun í móttöku ferðamanna.

Fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga (GS) ítrekaði áhyggjur sínar af því hve móttöku ferðamanna væri ábótavant. Mæltist hann til að ferðamálaráð skoðaði hvort t.d. fjölbrautarskólar ættu að veita þjálfun í þjónustustörfum. - Ákveðið var að fá fræðslufulltrúa SAF á næsta fund ráðsins til að fara yfir það sem er að gerast í fræðslumálum greinarinnar.

Kveðjur og þakkir.

Þessi fundur ferðamálaráðs var sá síðasti undir yfirstjórn samgönguráðuneytis en um áramót flyst málaflokkurinn til iðnaðarráðuneytis. Einnig var þetta síðasti fundur Magnúsar Oddssonar ferðamálastjóra á þessum vettvangi en hann hefur ákveðið að sækjast ekki eftir að vera skipaður á ný í embætti ferðamálastjóra frá 1. jan. 2008. Magnús hefur setið flesta fundi ferðamálaráðs í tvo áratugi.

Formaður og varaformaður (SK og EKH) færðu ferðamálastjóra þakkir fyrir samstarfið og óskuðu honum allra heilla á nýjum vettvangi. EKH upplýsti að iðnaðarráðuneytið hygðist fá að njóta góðs af þekkingu og reynslu MO út næsta ár.

Skrifstofustjóri ferðamála í samgönguráðuneytinu (HH) færði ráðinu þakkir ráðherra fyrir samstarfið sem staðið hefur á fimmta áratug. Einnig færði hún, f.h. ráðherra, Magnúsi Oddssyni hlýjar kveðjur ráðherra fyrir heilladrjúgt starf í embætti ferðamálastjóra.

Magnús Oddsson fór nokkrum orðum yfir sögu ferðamálaráðs og þakkaði hlý orð í sinn garð

Fundi slitið kl. 13:50. Næsti fundur ferðamálaráðs verður haldinn í iðnaðarráðuneytinu föstudaginn 8. febrúar n.k. kl. 8:30.